

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2018

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (249. mál).

Frumvarpið kveður á um hækkun starfslokaaldurs starfsmanna ríkisins, úr 70 árum í 73 ár. Viðskiptaráð styður þá breytingu.


Breyting var gerð á lögum um almannatryggingar, með lögum nr. 116/2016, og nú er hægt að hefja lífeyristöku frá 65 til 80 ára aldurs. Líkt og kemur fram í frumvarpinu gagnast sú breyting þó ekki ríkisstarfsmönnum, hvort sem um er að ræða skipaða embættismenn eða ráðna starfsmenn, en starfslokaaldur beggja hópa er í dag takmarkaður við 70 ára aldur. Að mati Viðskiptaráðs þarf að breyta þessu.

Margvíslegar röksemdir eru fyrir hækkun starfslokaaldurs. Þjóðin er að eldast hratt og meðalaldur Íslendinga hefur hækkað um fimm ár síðustu 30 ár. Fleiri búa við betri heilsu lengur en áður var og því hefur meðalævilengdin lengst um sex ár síðastliðin 40 ár. Allar líkur eru á að þessi þróun haldi áfram og spáir Hagstofa Íslands því að hlutfall lífeyrisþega á móti þeim sem eru starfandi muni að óbreyttu tvöfaldast og fara úr um 20% í 40% um miðbik aldarinnar. Það er því þjóðhagslega mikilvægt að veita fólki tækifæri til að starfa lengur.

Sú þróun sem hefur átt sér stað eykur möguleikann á aukinni þátttöku eldra fólks í atvinnulífinu. Ennfremur eru sterkar vísbendingar um jákvæð áhrif virkni á efri árum á bæði andlega og líkamlega heilsu. Mikilvægt er því að áframhaldandi atvinnuvirkni standi fólki til boða. Sveigjanleg starfslok opinberra starfsmanna stuðla einnig að því að hið opinbera njóti sem lengst þeirrar sérþekkingar og færni sem sérfræðingar og embættismenn búa yfir. Líkt og frumvarpið bendir á er það því bæði starfsmönnum og ríkiskerfinu til hagsbóta að almennir starfsmenn og embættismenn eigi þann kost að starfa lengur en til 70 ára aldurs ef þeir kjósa.

Viðskiptaráð styður frumvarpið og að atvinnutækifæri séu tryggð fyrir þann hluta eldra fólks sem vill og er fær um að vinna lengur. **Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.**

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands